

FRÁSÖGN

af fundi þingmannanefndar um norðurskautsmál í Strasborg 16.-17. desember 2015

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar um norðurskautsmál sótti fundinn Líneik Anna Sævarsdóttir varaformaður, auk Örnú Gerðar Bang ritara. Helstu mál á dagskrá voru skipulagning tólftu ráðstefnu þingmannanefndarinnar sem haldin verður í Rússlandi 14.-17. júní 2016, kynning á Háskóla norðurslóða og Efnahagsráði norðurslóða. Formaður þingmannanefndarinnar, Eirik Sivertsen frá Noregi, stýrði fundinum.

Fyrsta mál á dagskrá var kynning Jørn Dohrmann, þingmanns á Evrópuþinginu, á norðurslóðastefnu Evrópusambandsins (ESB). Dohrmann greindi frá því að þrjú aðildarríki ESB væru norðurskautsríki og að ESB muni kynna endurskoðaða norðurslóðastefnu í byrjun árs 2016. Dohrman lagði áherslu á mikilvægi þess að þróa viðskipti og iðnað á norðurslóðum í samvinnu við íbúa svæðisins.

Þá kynnti Lars Kullerud hjá Háskóla norðurslóða, starfsemi háskólans. Háskóli norðurslóða er samstarfsvettvangur háskóla, menntaskóla, rannsóknastofnana og annarra stofnana er láta sig menntun og rannsóknir á norðurslóðum varða. Í máli hans kom fram að markmið háskólans sé að byggja upp og styrkja sameiginlegar rannsóknir sem gera stofnunum betur kleift að þjóna landsvæðum sínum á norðurslóðum. Í gegnum samstarf um menntun og rannsóknir stefnir háskólinn að því að bæta stöðu íbúa svæðisins, efla hagkvæmni samfélaga og sjálfbærni efnahagslífs og ryðja leið fyrir hnattræna samvinnu. Þingmannanefnd um norðurskautsmál (SCPAR) hefur átt náið samstarf við Háskóla norðurslóða frá stofnun hans árið 2001 og hefur stutt við starfsemi hans og þróun og það markmið að færa fólk og stofnanir nær hvort öðru þvert á landamæri á norðurslóðum.

Næsta mál á dagskrá var kynning Erling Kvalsheim, forstjóra norsku olíu- og gas-samtakanna og fulltrúi Noregs í Efnahagsráði norðurslóða (*The Arctic Economic Council (AEC)*) á starfsemi ráðsins. Efnahagsráð norðurslóða var stofnað árið 2014 og var það liður í formennskuáætlun Kanada fyrir árin 2013-2015 í Norðurskautsráðinu en Ísland, Finnland, Rússland og formennskuríkið leiddu vinnuna innan ráðsins. Stjórnvöld og viðskiptalífið unnu í sameiningu að undirbúningi að stofnun ráðsins en markmið þess er að skapa vettvang til að hlúa að viðskiptum og ábyrgri auðlindanýtingu á norðurslóðum. Efnahagsráð norðurslóða er sjálfstæður vettvangur og er meginmarkmið ráðsins að stuðla að sjálfbærri og ábyrgri þróun, efnahagsvexti og samfélagsþróun á norðurslóðum og stuðla að stöðugu, fyrirsjáanlegu og gagnsæju viðskiptaumhverfi. Einnig greindi Kvalsheim frá því að í september 2015 hafi skrifstofa ráðsins verið formlega opnuð í Tromsø.

Þá kynnti rússneski þingmaðurinn, Michael Slipenchuk, framgang mála við skipulagningu tólftu ráðstefnu þingmannanefndarinnar (CPAR) sem haldin verður í Uland-Ude nálægt Baikal-vatni 14. – 17. júní 2016. Rætt var um fyrstu drög að dagskrá ráðstefnunnar og fyrirhuguð þrjú þemu hennar sem eru samstarf á norðurslóðum í ljósi loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París (COP 21), áhrif breytinga á norðurslóðum á íbúa svæðisins, og ný tækifæri á norðurslóðum. Nefndarmenn samþykktu þemun þrjú en auk þess verður á ráðstefnunni tími gefinn til opinna umræðu í dagskránni. Hugsunin á bak við þessi þrjú megin efni er að hafa tiltölulega opnar yfirskriftir/fyrirsagnir á þremur mikilvægum sviðum samstarfs á norðurslóðum, þ.e. umhverfis- og íbúamálum og efnahagslegum tækifærum. Þá munu nefndarmenn skoða það að bæta inn í opnunardagskrá ráðstefnunnar sérstöku erindi í tengslum við 20 afmæli Norðurskautsráðsins árið 2016. Tekin var ákvörðun um að velja skýrsluhöfunda úr hópi þingmanna landsdeildar fyrir þemun þrjú á næsta fundi SCPAR ásamt því að ræða fyrstu drög að ráðstefnuyfirlýsingu. Hlutverk skýrsluhöfunda er að undirbúa skriflega skýrslu um

viðkomandi efni og kynna hana fyrir ráðstefnugestum með tillögu að drögum að yfirlýsingu ráðstefnunnar.

Að lokum var starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar rædd. Líneik Anna Sævarsdóttir vakti athygli nefndarmanna á mikilvægu stafi vinnuhóps Norðurskautsráðsins um vernd gegn mengun hafsins á norðurslóðum (PAME), sem starfrækt er á Akureyri. Vinnuhópurinn gaf m.a. út skýrslu (*The Arctic Marine Tourism Project (AMTP)*) í apríl 2015 þar sem ferðaþjónusta á norðurslóðum er rannsökuð og lagðar til leiðir að sjálfbærri ferðaþjónustu á svæðinu (*e. best practice document*) með áherslu á öryggi og umhverfisvernd á sjó í ljósi aukinna siglinga skemmtiferðaskipa á svæðinu. Í framhaldinu sagði Líneik frá þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi undanfarið og auknum fjölda ferðamanna sem heimsækja landið árlega. Hún sagði að eins og annars staðar á norðurslóðum væru bæir á Íslandi víða fámennir og því væri ein af áskorunum ferðaþjónustunnar að auk fjölda viðkomustaða þeirra sem heimsækja landið svo álag á einstaka staði verði ekki óhóflegt. Þá greindi hún frá því að samkvæmt skoðanakönnunum væru um 80% ferðamanna að heimsækja landið vegna náttúrunnar og því þyrfti að hlúa sérstaklega að henni með sjálfbærni að leiðarljósi. Enn fremur greindi Líneik frá árlegri ráðstefnu um framtíð Norðurslóða, *Arctic Circle*, sem haldin var 16.-18. október 2015 í Reykjavík. Rúmlega 1.800 gestir frá yfir 50 þjóðlöndum sóttu ráðstefnuna þetta árið en þetta er í þriðja skipti sem hún er haldin á Íslandi og hafa dagsetningar fyrir ráðstefnuna næstu tvö árin verið staðfestar í Hörpu í Reykjavík. Markmið ráðstefnunnar er að auka þátttöku í umræðum um málefni norðurslóða og styrkja alþjóðlegan fókus á framtíð svæðisins. Að lokum sagði Líneik frá þátttöku sendinefndar frá Alþingi á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í París 30. nóvember til 11. desember 2015 en megináhersla sendinefndarinnar var á málefni Norðurlandanna og norðurslóða.

Jafnframt tilkynnti formaður nefndarmönnun að Dennis Bevington, varaformaður nefndarinnar frá Kanada hefði ekki náð endurkjöri í þingkosningunum í Kanada í október 2015 og því þyrfti nefndin að kjósa nýjan varaformann. Öldungardeildarþingmaðurinn Lisa Murkowski hefur sýnt embættinu áhuga en hún hefur þó tilkynnt um takmarkaða möguleika sína á því að sækja fundi SCPAR sem haldnir eru utan Bandaríkjanna fyrir kosningarnar í nóvember 2016. Hún mun sjá sér fært að sækja og eiga frumkvæði að fundum um málefni norðurslóða í Bandaríkjunum á meðan Bandaríkin fara með formennsku í Norðurskautsráðinu. Murkowski hefur verið fulltrúi í SCPAR síðan hún var kosin á þing árið 2002. Nefndarmenn tóku ákvörðun um að kjósa nýjan varaformann á næsta fundi nefndarinnar sem haldinn verður í Stokkhólmi 3.–4. mars 2016. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.arcticparl.org.
